

Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði

Uppfært skjal 20. desember 2006

Samantekt Vinnumálastofnunar um fjölda útlendinga sem komið hafa til starfa á Íslandi á árinu 2006 og mat á fjölda á vinnumarkaði í lok nóvember. Byggir að mestu á þeim gögnum sem eru í förum Vinnumálastofnunar auk upplýsinga frá Hagstofunni, en ekki liggur fyrir á neinum einum stað talning á þeim sem til landsins koma eða bætast við á íslenskan vinnumarkað eða hverfa af vinnumarkaði.

Upplýsingar í förum Vinnumálastofnunar.

Vinnumálastofnun hefur með höndum eftirlit með og leyfisveitingu til hluta þeirra sem til landsins koma, þ.e. þeirra sem þurfa atvinnuleyfi, þeirra sem koma á vegum starfsmannaleiga og þeirra sem koma frá 8 nýjum ríkjum Evrópusambandsins. Að hluta til liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda þeirra einstaklinga sem falla undir þessa skilgreiningu og skal það nú rakið frekar.

Veitt atvinnuleyfi.

Þeir atvinnurekendur sem vilja ráða til sín starfsfólk frá löndum utan hins Evrópska efnahagssvæðis þurfa að sækja um ný tímabundin atvinnuleyfi fyrir þá til Vinnumálastofnunar. Í megin atriðum má segja að atvinnuleyfi sé aðeins veitt ef ekki hefur fundist hæft starfsfólk í starfið innan Evrópska efnahagssvæðisins. Viðkomandi útlendingur kemur ekki til landsins fyrr en atvinnuleyfi hefur verið veitt. Skrá um veitt atvinnuleyfi er því nánast tæmandi um þá útlendinga sem komið hafa nýir inn á íslenskan vinnumarkað frá ríkjum utan hins Evrópska efnahagssvæðis. Veitt ný tímabundin atvinnuleyfi á tímabilinu janúar til nóvember voru samtals **2.792**, en að stærstum hluta veitt fyrir 1. maí þegar reglur um atvinnuleyfi giltu einnig um íbúa nýju ríkja Evrópusambandsins. Af þessum 2.792 sem fengu atvinnuleyfi eru alltaf einhverjir sem ekki komu til landsins af einhverjum ástæðum og einhverjir þeirra eru farnir úr landi aftur, en um slíkt liggja ekki fyrir tölur. Ekki er þó talið að það sé hátt hlutfall og verður að gera ráð fyrir að yfir 2.600 þeirra séu enn hér á vinnumarkaði.

Skráning starfsmanna frá nýju ríkjum Evrópusambandsins.

Atvinnurekendum sem ráða starfsfólk frá 8 nýju ríkjum Evrópusambandsins, þ.e. frá Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi, hafa frá 1. maí átt að skrá upplýsingar um starfsmennina hjá Vinnumálastofnun. Ljóst var fljótlega eftir að aðgangstakmörkuninum var aflétt og skráning tekin upp í staðinn að atvinnurekendum var almennt ekki ljós þessi skráningarskylda, auk þess sem hægt gekk að fá afgreiddar kennitölur, sem var forsenda skráningarinnar hjá Vinnumálastofnun.

Tiltölulega lítið var um skráningar fyrstu mánuðina eftir opnunina miðað við þann fjölda sem fengið hafði atvinnuleyfi frá þessum ríkjum mánuðina á undan.

Gert var verulegt átak í að upplýsa atvinnurekendur um þessa skyldu þeirra til skráningar þegar líða tók að hausti og jókst þá skráning verulega. Samtals hafði í lok nóvember verið skráðir **3.636**¹ einstaklingar, þar af 1.187 í nóvember. Ljóst er þó af öðrum upplýsingum að verulega skortir á að allir þeir sem komið hafa til starfa frá þessum 8 nýju ríkjum hafi verið skráðir hjá Vinnumálastofnun og skeikar þar milli 1.000 og 2.000 manns. Líkt og með þá sem fá atvinnuleyfi, þá liggja ekki fyrir upplýsingar um hve margir þessara einstaklinga eru farnir af vinnumarkaði og hugsanlegt er að einhverjir séu enn taldir með sem aldrei komu til landsins.

Starfsmannaleigur.

Í byrjun árs tóku gildi lög um starfsmannaleigur. Samkvæmt þeim er öllum starfsmannaleigum, íslenskum sem erlendum, skylt að skrá fyrirtækið og alla starfsmenn sem vinna á þess vegum hér á landi hjá Vinnumálastofnun. Upplýsingar um fjölda erlendra starfsmanna á vegum starfsmannaleiga eiga því að vera tæmandi. Í lok nóvember voru um **814** starfsmaður hér á landi á vegum starfsmannaleiga. Til landsins höfuð þá komið alls um 1.130² manns á vegum starfsmannaleiga.


Alls eru þetta því nálægt 7.500 manns sem Vinnumálastofnun hefur beinar upplýsingar um að hafi bæst við á íslenskan vinnumarkað til loka nóvember 2006. Af þeim eru svo nálægt 300 þeirra sem komu á vegum starfsmannaleiga farnir af landi brott og trúlega einhver lítill hluti þeirra sem skráðir hafa verið frá nýju ríkjum ESB eða fengu atvinnuleyfi.

Á myndinni á næstu síðu má sjá nánar hvernig dreifingin hefur verið á mánuði. Þar má sjá að veiting atvinnuleyfa datt mikið til niður eftir að för ríkisborgara nýju ríkja ESB var gefin frjáls þann 1. maí sl. Skráning starfsmanna frá nýju ríkjum ESB fór þó ekki að taka verulega við sér fyrir en gert var sérstakt átak í þeim málum í lok sumars.

¹ Í samantekt um fjölda útlendinga á íslenskum vinnumarkaði sem birt var í lok nóvember var aðeins byggt á upplýsingum um fjölda þeirra sem búið var að samþykka en ekki heildarfjöldi þeirra sem voru skráðir. Því vantaði um 200 manns uppá sem búið var að skrá en voru ósamþykktir. Þetta hefur nú verið leiðrétt og eru tilkynningar um útlendinga frá nýju ríkjum ESB því alls 3.636.

² Nálægt 50 Íslendingar eru inni í þessari tölu, þannig að nákvæmara er að miða við um 1.050 útlendinga sem hafa komið til landsins. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve margir af þeim 814 sem enn eru starfandi eru Íslendingar.

Upplýsingar Vinnumálastofnunar um erlenda ríkisborgara sem komið hafa á íslenskan vinnumarkað á árinu 2006



Heildarfjöldi útlendinga á íslenskum vinnumarkaði?

Íbúar Evrópska efnahagssvæðisins sem koma hingað til lands og leita sér vinnu eru ekki skráðir hjá Vinnumálastofnun. Þeir sem koma frá nýju ríkjum ESB og fá vinnu hér á landi eiga að vera skráðir hjá Vinnumálastofnun en ljóst er að töluverður misbrestur er á því enn sem komið er.

Hagstofan setur alla sem fá íslenska kennitölu á sérstaka skrá hjá sér sem kölluð er utangarðsskrá. Samkeyrsla á þeirri skrá og skrá Vinnumálastofnunar gefa því vísbendingu um hve marga frá hinum nýju ríkjum ESB á eftir að skrá hjá Vinnumálastofnun og virðist sem þar sé um að ræða allt að **1.500** manns um þessar mundir. Þá er töluverður hópur fólks frá gömlu ríkjum ESB einnig á þessari skrá – eða nálægt **2.000** manns og eru líkur á að flestir þeirra séu á vinnumarkaði.

Samtals má því áætla að á árinu 2006 hafi yfir 10.000 erlendir ríkisborgarar komið til starfa á Íslandi, þó ekki séu þeir svo margir starfandi á hverjum tímapunkti. Árið 2005 voru að jafnaði um 9.000 erlendir ríkisborgarar starfandi á Íslandi skv. upplýsingum Hagstofunnar³ og má gera ráð fyrir að um 2/3 hlutar þeirra séu enn starfandi á Íslandi, eða um 6.000 manns. Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði eru því að öllum líkindum nálægt 16.000 um þessar mundir þó erfitt sé að leggja mat á hver fjöldinn er nákvæmlega.

³ <http://www.hagstofan.is/?PageID=95&NewsID=2019>

Vinnuafli á árinu 2006 verður á milli 170 og 175 þúsund skv. vinnumarkaðskönnunum Hagstofunnar. Því má gera ráð fyrir að erlendir ríkisborgarar sem hlutfall af vinnuafli sé komið í um 9% um þessar mundir. Á meðfylgjandi mynd má sjá hve hlutfallið hefur hækkað mjög á síðustu 2 árum og sker þróunin hér á landi sig töluvert frá þróuninni á hinum Norðurlöndunum, en fram til ársins 2004 var þróunin hér með svipuðum hætti.

Erlendir ríkisborgarar á vinnumarkaði sem hlutfall af vinnuafli árin 2001-2005 og líklega stöðu 2006
Samanburður við hin Norðurlöndin*

